

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 1849

Ár 2010, þriðjudaginn 6. júlí kl. 16:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bærstjóra í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Anna G. Edvardsdóttir, María Elísabet Jakobsdóttir, Ketill Elíasson og Elías Jónatansson, bærstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ráðning yfirhafnarvarðar við Bolungarvíkurhöfn.

Á fundi sínum þann 30. júní s.l., lagði hafnarstjórn til að Heiðar Hermannsson verði ráðinn í stöðu yfirhafnarvarðar við Bolungarvíkurhöfn.

Bæjarráð staðfestir tillögu hafnarstjórnar um ráðningu yfirhafnarvarðar.

2. Ráðning skólastjóra Tónlistarskóla Bolungarvíkur.

Á fundi sínum þann 29. júní s.l., lagði fræðslu- og æskulýðsmálaráð til að Selvadore Rähni verði ráðinn skólastjóri Tónlistarskóla Bolungarvíkur frá og með 1. ágúst n.k.

Bæjarráð staðfestir tillögu fræðslumálaráðs um ráðningu skólastjóra Tónlistarskóla Bolungarvíkur.

3. Starfsþjálfun – vinnustaðanám.

Bréf frá Vinnumarkaðsráði Vestfjarða, dags. 30. júní 2010.

10 07 009

Bærstjóra falið að kanna möguleika hjá stofnunum bæjarins á að taka þátt í verkefninu.

4. Aukaframlag Jöfnunarsjóðs 2010.

Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 25. júní 2010.

10 03 010

Kynnt.

5. Námsgagnasjóður – skert framlag.

Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 25. júní 2010.

Framlag til Grunnskóli Bolungarvíkur er kr. 168.845,-.

10 07 004

Kynnt

6. Fulltrúar Ísafjarðarbæjar í barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum.

Bréf frá Ísafjarðarbæ, dags. 23. júní 2010 þar sem fram kemur að aðalfulltrúar

Ísafjarðarbæjar eru Hafdís Gunnarsdóttir, Rósa Ingólfssdóttir og Bryndís G.

Friðgeirsdóttir en til vara eru Lilja Kristinsdóttir, Halldóra Hreinsdóttir og Svava Rán Valgeirsdóttir.

10 07 002

Kynnt.

Fulltrúar Bolungarvíkur í nefndinni eru þær Fjóla Bjarnadóttir og Matthildur

Guðmundsdóttir.

7. Fulltrúar Súðavíkurhrepps í barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum.

Bréf frá Súðavíkurhreppi dags. 30. júní 2010, þar sem fram kemur að aðalfulltrúi Súðavíkurhrepps er Barði Ingibjartsson en til vara er Ester Rut Unnsteinsdóttir.

10 07 006

Kynnt.

8. Vatnssýni 14. júní uppfyllir gæðakröfur.

Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, dags. 28. júní 2010.

10 07 001

Kynnt.

9. Uppbygging körfuknattleiks og æfingar KFÍ í Bolungarvík.

Fulltrúar KFÍ koma til fundar við bæjarráð.

10 07 008

Til fundarins komu Guðni Ó. Guðnason, Sævar Óskarsson og Helgi Sigmundsson, fulltrúar Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar og kynntu starfsemi félagsins og báru fram óskir um samstarf við Bolungarvíkurkaupstað vegna æfingaaðstöðu fyrir félagið. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að vinna að framgangi málsins í samráði við forstöðumann Árbæjar og formann Ungmennafélags Bolungarvíkur. Hér viku Guðni, Sævar og Helgi af fundinum.

10. Önnur mál.

a. Greiðsla frá Lánasjóði sveitarfélaga vegna niðurfærslu eigin fjár Lánasjóðsins.

Bréf frá Lánasjóðnum, dags. 5. júlí 2010. Þar sem greint er frá því að þann 1. júlí innti Lánasjóður sveitarfélaga ohf., af hendi fjórðu greiðslu af fjórum vegna niðurfærslu eigin fjár lánasjóðsins í samræmi við ákvörðun ársfundar sjóðsins í mars 2006. Hluti Bolungarvíkurkaupstaðar í endurgreiðslunni er kr. 6.232.500,-.

08 07 018

Kynnt.

b. Fjórðungsþing 3. – 4. september 2010.

Bréf frá Fjórðungssambandi Vestfjarða, dags. 2. júlí 2010 þar sem boðað er til 55. Fjórðungsþings Vestfirðinga á Hólmavík þann 3. og 4. september n.k.

10 07 010

Gefin verða út kjörbréf fyrir alla aðalfulltrúa í bæjarstjórn Bolungarvíkur.

c. Fundargerð umhverfismálaráðs 30. júní 2010.

Bæjarráð samþykkir fundargerðina.

d. Fundargerð Hafnarstjórnar 30. júní 2010.

Bæjarráð samþykkir fundargerðina.

e. Fundargerð fræðslumála- og æskulýðsráðs 29. júní 2010.

Bæjarráð samþykkir fundargerðina.

f. Vettvangsferð bæjarráðs.

Fundi slitið.

Anna G. Edvardsdóttir

Ketill Elíasson

María Elísabet Jakobsdóttir

Elías Jónatansson